

Börkur Sigurbjörnsson

Katmandú og
Kaiserslautern
örsaga



Urban Volcano

Katmandú og Kaiserslautern

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017


<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Katmandú og Kaiserslautern

„Ég las áhugaverða grein í blaðinu í morgun,“ sagði Jóhanna við Daníel þar sem þau lágu á sendinni strönd Sardiníu og létu sólina þurrka sig eftir fyrsta Miðjarðarhafsbað dagsins. „Blámaðurinn fór út á götu og spurði fólk hvernig það myndi bregðast við því að vera boðin einstök ferð aðra leiðina út að ytri mörkum sólkerfisins.“

„Og?“ spurði Daníel án þess að líta upp frá goltímaritinu sem hann var að lesa. „Hvernig brást fólk við?“

„Svörin voru misjöfn,“ svaraði Jóhanna. „Sum voru virkilega gagntekin en sumum fannst hugmyndin hreinlega móðgandi.“

„Ég get ímyndað mér það,“ sagði Daníel. „Þetta er áleitinn spurning. Hverju myndir þú svara?“

„Ég held ég myndi afþakka,“ svaraði Jóhanna og starði brosandandi yfir hafflötinn í átt að sjóndeildarhringnum þar sem hann fléttaðist saman við bláan himininn. „Það er hellingur af stöðum hér á jörðinni sem ég á eftir að heimsækja. Til dæmis Katmandú.“

„Eða Kaiserslautern, ef út í það er farið,“ bætti Daníel við og lagði tímaritið frá sér á handklæðið um leið og hann fylgdi augnaráði Jóhönnu út að sjóndeildarhringnum.

„Já!“ sagði Jóhanna dreymin. „Katmandú og Kaiserslautern eru sannarlega dæmi um framandi staði sem mig langar til að berja augum áður en ég held af stað í átt til ytri marka sólkerfisins.“

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano